



# Auglýst eftir áhugasömum fyrirtækjum vegna uppbyggingar á Hólmsheiði

## Reykjavíkurborg er að þróa nýtt athafnasvæði á Hólmsheiði við Suðurlandsveg

Deiliskipulagsvinna er hafin og er áætlað að skipulag verði samþykkt á næsta ári og fyrstu lóðir verði byggingarhæfar árið 2024. Svæðið er 87 hektarar en verður gert byggingarhæft í áföngum.

Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem athafnasvæði undir landfreka starfsemi svo sem léttan iðnað, gagnaver, matvælaiðnað, vörugeymslur og umboðsverslanir og aðra umhverfisvæna iðnaðarstarfsemi.

Reykjavíkurborg auglýsir nú eftir fyrirtækjum sem eru áhugasöm um að staðsetja sig á svæðinu. Bæði er leitað eftir upplýsingum um stærðarþarfir og mögulegar tegundir fyrirtækja.

Frestur til þess að senda inn umsókn er til 23. janúar 2023  
Nánari upplýsingar má nálgast á [reykjavik.is/holmsheidi](https://reykjavik.is/holmsheidi)

Tilgangurinn er að skapa tækifæri til þess að tryggja að í nýju skipulagi verði til staðar lóðir sem henta áhugasömum fyrirtækjum.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ákveða hvort hugmyndir sem berast verði kveikja að samstarfi eða samningum um lóðir á svæðinu og þá um leið að þær verði hluti af forsendum fyrirhugaðs skipulags. Mögulegir samningar um lóðir á svæðinu verða gerðir á markaðsforsendum. Tekið verður tillit til rekstrarsögu og fjárfestingargetu við mat á vænleika verkefna.

Áhugasamir sendi inn erindi á netfangið [athafnaborgin@reykjavik.is](mailto:athafnaborgin@reykjavik.is) þar sem lýst er væntanlegri starfsemi, æskilegri stærð lóðar og vænt byggingarmagn.